

Ed.

309. Frumvarp til laga

[159. mál]

um Olíusjód fiskiskipa, olúgjald o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd., 3. febr.)

Samhljóða þskj. 248 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Auk almenns útflutningsgjalds samkvæmt lögum nr. 5 frá 13. febrúar 1976, með síðari breytingum, skal innheimta sérstakt 4% útflutningsgjald er rennur í Olíusjód fiskiskipa.

Útreikningur og innheimta þessa sérstaka útflutningsgjalds skal fara eftir ákvæðum laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 frá 13. febrúar 1976, með síðari breytingum. Kolmunnaafurðir til manneldis skulu undanþegnar innheimtu þessa útflutningsgjalds.

Um aðrar undanþágur frá innheimtu þessa útflutningjalds fer eftir ákvæðum laga nr. 5/1976 með síðari breytingum.

Olíusjóði fiskiskipa er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 100 milljónum króna til að standa straum af niðurgreiðslu olúverðs meðan tekjur af útflutningsgjaldi hrökkva ekki fyrir útgjöldum sjóðsins. Ríkissjóði er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láni þessu og skal það undanþegið stimpilgjaldi samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Alþingi kýs fjóra menn í nefnd til að endurskoða lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Sjávarútvegsráðherra skipar samkvæmt tilnefningu þrjá fulltrúa sjómanna, útgerðar og fiskvinnslu, einn frá hverjum. Nefndin skal hafa samráð við þá hagsmunaaðila, sem hlut eiga að máli, og eiga aðgang að öllum upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun, Fiskifélag Íslands, Aflatryggingasjóður og Kjararannsóknarnefnd geta veitt.

Þessir aðilar skulu einnig veita þá aðstoð sem nefndin biður um vegna starfa sinna.

Nefndin skal eiga aðgang að athugun þeirri, sem fram mun fara á vegum sjávarútvegsráðuneytisins á leiðum til að bæta rekstrargrundvöll sjávarútvegsins.

Einnig verði kannað hvort og á hvern hátt olújöfnunarsjóður geti orðið að liði í þessu sambandi, svo og hvort hljómgrunnur sé fyrir breyttu og bættu launafyrirkomulagi fiskimanna.

Nefndin skili álit sínu og tillögum í upphafi næsta reglulegs þings.

Sjávarútvegsráðherra skipar formann nefndarinnar.

Allur kostnaður greiðist úr ríkissjóði.